

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 284/2016 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2016.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar hljóði svo: Þá eru makrílveiðar í flottroll bannaðar á milli 65°30'N og 68°30'N milli 26°V og 17°V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. ágúst 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Arnór Snæbjörnsson.